

Hverfisráð Hríseyjar

51. fundur.

Miðvikudaginn 06. október kl. 16:00 var 51. fundur í Hverfisráði Hríseyjar haldinn í Hlein. Mætt voru: Linda María Ásgeirsdóttir, Kristinn Fr. Árnason, Víðir Björnsson, Ingimar Ragnarsson og Aðalsteinn Bergdal.

Þrjú mál lágu fyrir fundi auk annarra mála: Málefni skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey. Kattahald í Hrísey. Og undirbúningur fyrir íbúafund. Önnur mál. Aðalsteinn Bergdal ritar fundargerð.

1: Um skrifstofumál. Linda setti fund og hafði forsögu um skrifstofumál Akureyrarbæjar í Hrísey. Sagði hún að ákveðið væri af hálfu bæjaryfirvalda, að auglýsa 50% stöðu. Staðan verður auglýst á vef bæjarins. Fundarmenn voru ánægðir að heyra að ekki stæði til að leggja starfið af.

2. Kattarhald. Ákveðið var að útbúa undirskriftalista, þar sem þorpsbúum gæfist færi á segja hug sinn til kattarhalds í eyjunni. Settur var saman texti er yrði haus á plagginu. Skal listinn fyrst um sinn liggja frammi í búðinni.

3. Íbúafundur. Stungið var upp á tveimur möguleikum sem fundardegi fyrir íbúafund, mánudeginum 25. okt. og miðvikudeginum 03. nóv. Beðið verður svars bæjaryfirvalda um hvort þessi tími henti og í framhaldi verður fundurinn svo auglýstur.

Önnur mál. Hvar eru skipulagsmálin stödd? Brýnt að koma þeim málum á hreint. Bent var á að ESA (Eftirlitsstofnun Evrópusambandsins) hefði fundið að því að vatnsverndarsvæði væru ómerkt og að slógi væri enn hent fram af bryggju.

Brunnum sem ekki eru í notkun lengur og eru á hátíðarsvæði og við rafstöð, þurfi að loka áður en alvarlegt slys verði.

Ákveðið var að kanna með ADSL sambandið í eyjunni og hvernig sé með loforð Síminn hf. með bíórásirnar sem áttu að fylgja ADSL tenginu á sínum tíma.

Rætt var um rauða ófögnuðinn, mastrið sem búið er að reisa út við vitann. Fundarmenn töldu lágmark að mastrið yrði málað í öðrum og minna áberandi lit, en Linda hefur þegar sent fyrirspurn til Þórhalls hjá TETRA um það mál.

Síðan var rætt um eitt og annað og báru ferjumálin m. a. á góma og eru menn uggandi yfir þróun í þeim málum, en 01. nóvember verður ferðum fækkað um miðjan dag og verða aðeins kl. 13:00 og 16:00

Fundi var slitið kl. 17:35

Linda María Ásgeirsdóttir
Kristinn Fr. Árnason
Ingimar Ragnarsson
Víðir Björnsson
Aðalsteinn Bergdal.